

EFTIRLITSSKÝRSLA

Veidifélag Eystri - Rangár Eyjarlandi, Bláskógarbyggð



| | | | |
|---------------------|----------------------------|-------------------------|----------------------------|
| Dags eftirlits | 11.5.2021 | Ábyrgðarmaður eftirlits | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Fyrirtæki | Veidifélag Eystri - Rangár | Eftirlitsmaður | Guðbjörg Stella Árnadóttir |
| Heimili | Keldum | Tegund eftirlits | Reglubundið |
| Kennitala | 5304922659 | Flokkur | Fiskeldi |
| Fulltrúi fyrirtækis | Birkir Tómasson | ÍSAT nr. | 03.22.0 |
| Fulltrúi fyrirtækis | Sigurður Gunnar Ásgeirsson | Staðsetning | |

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti er varðar ófullnægjandi geymslu efna í stöðinni. Tvær ábendingar voru settar fram er varða frágang á lóð og kvittanir vegna úrgangsskila til urðunarstaðar.

UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeldisstöð er að ræða með ker bæði innan og utandyra. Stöðin stendur við Laugarvatn og rennur frárennslið um læk, yfir í Djúpa og með henni yfir í Apavatn. Stöðin er án starfsleyfis en unnið er að útgáfu leyfisins.

Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu fráviks
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Enn er útistandandi frávik frá síðustu eftirlitum varðandi að stöðin starfar án starfsleyfis. Sótt var um starfsleyfi þann 31. janúar 2018 og hefur það nú verið auglýst til útgáfu. Í síðasta eftirliti var rekstraraðila bent á að sækja um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins sbr. 4. mgr. 5. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnir og var það gert þann 18. desember sl. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um þá undanþágubeiðni hjá ráðuneytinu. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Í stöðinni eru laxaseiði sem alin eru til sleppingar í Rangá. Umfangið er líkt og áður eða um 14 tonn.

Skv. samræmdum starfsleyfisskilyrðum um fiskeldi skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar við eftirlit og var farið yfir rekstrarhandbók í eftirlitinu. Áætlun um rekstrarstöðvun, afstöðumynd, viðbragðsáætlun og eintak af starfsleyfi var að finna í rekstrarhandbók sem og daglegar skráningar og niðurstöður sýnataka og mælinga.

Síðustu mælingar í frárennsli voru gerðar þann 30. apríl 2018, rekstraraðili sá um sýnatöku en voru sýnin greind hjá Sýni ehf. Útstreymi N og P var áætlað út frá fóðurnotkun, án tillits til hreinsunar í settjörn og var 56 kg/framleitt tonn af N og 8,7 kg/framleitt tonn af P. Hámarksgildi losunar á N og P eru ekki tiltekin í starfsleyfi. Næsta sýnataka er áætluð nú í ár.

Tvær settjarnir eru við stöðina. Í þeirri fyrri er fiskur, bleikja og regnbogi, sem ætlað er að éta upp þær fóðurleifar sem falla til úr stöðinni. Má því telja fyrri settjörnina sem eldisrými og magn þess fiskjar sem þar er telst inn í framleiðslutölur stöðvarinnar. Rist er við frárennslið úr fyrri settjörninni. Seinni settjörnin, sem er hin eiginlega hreinsun, lítur vel út og virðist sinna hlutverki sínu. Eru bakkar hennar snyrtilegir og ekki að sjá neina óeðlilega uppsöfnun við útrás út í læk sem rennur að viðtaka.

Glukkufóðrun er á öllum kerum í stöðinni.

Sápur og önnur spilliefni eru geymd inni í eldissal með opin niðurföll og bein leið þaðan út í settjarnirnar. Bent er á að setja þurfi upp lekabyttur undir efnin eða geyma þau í sérstöku rými með lekavörn. Rekstraraðili hyggst byggja sérstaka efnageymslu inni í eldissalnum. Óverulegt magn af úrgangi fellur til í stöðinni en dauðfiskur fer til urðunar á Strönd. Erfitt reynist að fá kvittanir fyrir úrgangsskilum frá Strönd en bent er á að rekstraraðili skuli hafa kvittanir um úrgangsskil í rekstrarhandbók.

Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en ekki er krafa um það í gildandi starfsleyfi. Hins vegar var minnt á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni.

Endurbygging og tiltekt hafa verið í stöðinni frá síðasta eftirliti og nokkuð um ófrágengin svæði, rör og geymsluefni á lóðinni. Bent er á að ganga þarf frá með fullnægjandi hætti að framkvæmdum loknum. Engar girðingar eru í kringum stöðina en net er yfir kerjum til varnar því að fugl fari í kerin.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Gr. 3.5 í almennum starfslyefisskilyrðum fyrir mengandi starfsemi.

Sápur og önnur spilliefni eru geymd inni í eldissal með opin niðurföll. Bent er á að setja þurfi upp lekabyttur undir efnin eða geyma þau í sérstöku rými með lekavörn. Rekstraraðili brást strax við ábendingunni í eftirlitinu og færði efnalátin út í geymslugám og telst því frávikinu lokið.

ÁBENDINGAR

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu, annars vegar um frágang lóðar en framkvæmdir standa yfir við stöðina. Bent er á að ganga þarf frá með fullnægjandi hætti að framkvæmdum loknum. Hins vegar er bent á að rekstraraðili skuli hafa kvittanir um úrgangsskil í rekstrarhandbók frá móttökustað úrgangsins.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.


Þar sem stöðin liggur fjarri sjó er ekki gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 13.06.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir

